# Fjölbrautaskóli Vesturlands

## Námsáætlun
## ÍSLSS36 vorönn 2017

**Kennari:** Edda Einarsdóttir

**Netfang:** edda@fva.is

**Námsgögn:** Ljósrit og verkefni frá kennara, *Mamma klikk!* e. Gunnar Helgason 2015. *Karíus og Baktus* e. Egner, Thorbjörn 1990, iPad og ýmis smáforrit, klukka, spilastokkur, Yatzy.

**Lýsing:** Tvískiptur áfangi: íslenska og stærðfræðitengd viðfangsefni. Í íslenskunni verður lögð áhersla á bókmenntir og tjáningu. Nemendur nýta sér hljóðbækur og lesforrit til að hlusta á/lesa bækur og ræða. Í stærðfræðinni verður áhersla lögð á tölur, talnarunur, peninga, klukkuna og skipulag. Að auki verður lögð áhersla á nemendur æfist í að spila ýmis spil og auka þannig möguleika þeirra til fjölbreyttrar afþreyingar. Gerð verður einstaklingsáætlun fyrir hvern nemanda.

**Þekkingarviðmið**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

hvernig hægt er að nota hljóðbækur og lesforrit sér til gagns og gamans
hvernig hægt er að nota snjalltæki til að halda utan um dagsskipulag
ýmsum tímahugtökum sem tengjast daglega lífinu
klukkunni
íslenskum peningum
verðgildi hinna ýmsu hluta
möguleikum spilastokksins

**Leikniviðmið**

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

lesa og/eða hlusta á mismunandi texta sér til gagns og gleði
nota talgervil, hljóðbækur og aðra tækni við námið
fylgja dagsskipulagi
fylgja tímaáætlun
lesa á klukku
nýta sér stærðfræðikunnáttu sína í daglegu lífi
þekkja íslenska peninga
borga og/eða taka við mismunandi peningaupphæðir
spila Yatzy með frjálsri aðferð
spila ýmis spil með spilastokk

# Fjölbrautaskóli Vesturlands

## Námsáætlun
## ÍSLSS36 vorönn 2017

**Hæfniviðmið**

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

Nýta sér hljóð- og rafbækur í daglegu lífi til gagns og gleði
Tjá eigin skoðanir
Nýta þá tækni sem auðveldar námið
Nýta sér snjalltæki til að halda utan um dagatal og skipulag
Átta sig á tíma- og dagsetningum
Átta sig á hvað klukkan er
Taka þátt í stærðfræðilegum athöfnum daglegs lífs
Nýta sér peninga í athöfnum daglegs lífs
Telja saman tiltekna upphæð
Taka þátt í ýmsum spilaleikjum

**Námsmat:**

Lokapróf 20%
Ástundun og frammistaða 80%

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:** Mikil áhersla verður lögð á að nemendur læri að nýta sér skipulagsforrit í snjalltækjum sínum, s.s. Calendar og myndrænar stundatöflur. Nemendur eru því hvattir til að koma með sín eigin snjalltæki og nota þau til þess að auðvelda yfirfærslu milli heimilis og skóla.

**Áætlun annarinnar:**

| Vikudagur | Námsþættir |
|---|---|
| **Mánud.** | **iPad og ýmis smáforrit, málörvun, vikuplan og skipulag**. Unnið m.a. með smáforritin *Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin, Calendar, First Then visual Organizer.* |
| **Þriðjud.** | **Stærðfræði.** Unnið með helstu grunnatriði stærðfræðinnar s.s. að telja, talnarunur, klukkan og peningar. Ýmis smáforrit s.s. *Moji klukka* og *Stærðfræðileikurinn.* |
| **Miðvikud.** | **Lestur og bókmenntir.** Nemendur æfast í að nota hljóðbækur frá Hljóðbókasafn Íslands og nota lesforritið EasyReader. Nemendur lesa og hlusta á sameiginlega bók. Munnlegar spurningar og umræður um efni bókarinnar. Nemendur lesa hver fyrir sig bókina *Karíus og Baktus* í lesforritinu Easy Reader |
| **Föstud.** | **Spilatími.** Nemendur læra ýmis hugtök sem tengjast spilastokknum. Þeir læra ýmis spil, s.s. *Lauma, Hundur* og *Lönguvitleysu*. Einnig verður lögð áhersla á að kenna þeim að spila Yatzy með frjálsri aðferð. Áhersla lögð á félagslegt samspil, frumkvæði og virkni. |